

**197. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,  
6. september 2022 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hrafnhildur Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Guðrún Hjörleifsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Guðrún Sigvaldadóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Guðrún Gísladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Jónas Kári Eiríksson áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

Sameiginlegur fundur skóla- og frístundaráðs og velferðar- og mannréttindaráðs. Eftirfarnandi áheyrnarfulltrúar leikskólanna taka sæti á fundinum: Íris G Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda, Guðrún Sigvaldadóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara og Jónas Kári Eiríksson áheyrnarfulltrúi foreldra. Áheyrnarfulltrúar grunnskólanna Arnbjörg Stefánsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson fulltrúar skólastjórnenda, Guðrún Hjörleifsdóttir og Hrafnhildur Jónsdóttir áheyrnarfulltrúar grunnskólakennara og Guðrún Gísladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna. Auk áheyrnarfulltrúa sat bæjarfulltrúi Ragnar B Sæmundsson fundinn.

**1. 2110054 - Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna**

Sólveig Sigurðardóttir, verkefnastjóri kynnrir innleiðing á lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og stöðu innleiðingar á Akranesi.

*Skóla og frístundaráð þakkar Sólveigu Sigurðardóttur verkefnastjóra samþættrar þjónustu og barnvæns sveitarfélags fyrir góða kynningu.*

**2. 2208188 - Farsældarteymi**

Kynning á farsældarteymi Akraneskaupstaðar.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Sólveigu Sigurðardóttur verkefnastjóra samþættrar þjónustu og barnvæns sveitarfélags fyrir góða kynningu. Ráðið fagnar þeim árangri sem þegar hefur náðst í verkefninu.*

**3. 2208151 - Farsæld barna - skipulagt og farsælt frístundastarf fyrir alla**

Kynning á tillögu þróunarverkefnis um samþætta þjónustu í frístundum barna og ungmenna.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Sólveigu Sigurðardóttur verkefnastjóra samþættrar þjónustu og barnvæns sveitarfélags, Heiðrúnu Janusardóttur verkefnastjóra æskulýðs- og forvarnarmála og Báru Daðadóttur málstjóra fyrir góða kynningu. Skóla- og frístundaráð leggur til að haldið verði áfram að þróa verkefnið á forsendum hluta styrks til stuðnings- og stoðþjónustu frá SSV og jafnvel styrkja frá*

*fleiri aðilum.*

*Skóla- og frístundaráð óskar eftir að málið komi aftur á dagskrá ráðsins þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um styrkveitingar og nánari tillögu á útfærslu verkefnisins.*

Áheyrnarfulltrúar leik- og grunnskólanna yfirgefa fundinn kl. 18.

#### **4. 2203074 - Móttaka flóttafólks**

Á fundi bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 8. mars 2022 lýsti bæjarstjórn sig reiðubúna til að taka á móti flóttafólks frá Úkraínu. Í kjölfarið samþykkti bæjarráð tímabundna ráðningu málstjóra til sex mánaða vegna móttöku flóttafólks.

Sveinborg Kristjánsdóttir fer yfir greinargerð um stöðu verkefnisins liggur nú fyrir.

*Greinargerð um móttöku flóttfólks frá Úkraínu og stöðu verkefnisins kynnt.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.**